

Lög

Nr. 32.
22. nóv.

um

mjólkursölu á Ísafirði

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta,
hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilað að setja ákvæði um alt, er lýtur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölastaða þeirra vörutegunda. Heimilt er henni og að ákveða, að enginn megí standa fyrir sölu til almennings á mjólk eða rjóma, nema hann hafi til þess leyfi heilbrigðisnefndar, enda geti hún svíft þann leyfinu, er það hefir fengið, ef ástæða þykir til.

2. gr.

Bæjarstjórn setur nauðsynlegar reglur um eftirlit með mjólkurmeðferð og sölu mjólkur og rjóma.

3. gr.

Meðan mjólkurskortur er í kaupstaðnum, er bæjarstjórn heimilt að banna sölu á mjólk eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og veitingahúsum, svo og notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gert er í braudgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu, til sölu handa almenningi.

4. gr.

Þegar svo stendur á, sem í 3. gr. segir, er bæjarstjórninni og heimilt að setja reglur um úthlutun mjólkur, svo sem með mjólkursædlum eða á annan hátt, eftir því sem henta þykir.

5. gr.

Þjett er bæjarstjórn að leggja sektir við, alt að 1000 krónum, fyrir brot

Nr. 32. á ákvæðum þeim, er hún setur samkvæmt 1.—4. gr. Renna þær sektir í 22. nív. bæjarsjóð.

6. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum þeim, sem bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr., skulu sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

7. gr.

Ákvæði, er bæjarstjórn setur samkvæmt 1.—4. gr. laga þessara, liggja undir samþykki stjórnarráðsins.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 22. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R

(L. S.)

Sigurður Jónsson.